

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð

Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi) 15. mál, lagafrumvarp 152. löggjafarþing 2021–2022.

Frumvarpið er endurflutt, sjá [543. mál á 151. þingi - velferð dýra](#).

Ritað af Eyþóri Eðvarðssyni

Sjávargata 29, 225 Garðabæ

Undirritaður mælir eindregið með samþykki þessa frumvarps.

Ástæðurnar eru eftirfarandi:

1. Þauleldi dýra er siðferðislega rangt

Framleiðsla á hormóninu PMSG, sem er unnið úr merablóði, er hluti af þauleldisiðnaðinum. Hormónið er notað til að auka frjósemi svína og fleiri húsdýra í þauleldi í þeim tilgangi að auka framleiðslu og lækka kostnað.

Umræðan um blóðmerahald hefur dregið fram tímabæra umræðu um velferð dýra og viðhorf samfélagsins til hennar. Við erum á krossgötum með dýravelferð og það sem við sem samfélag teljum ásættanlegt. Dæmi um það er þauleldi dýra sem eru alin við skelfilegar aðstæður til að framleiða sem ódýrast kjöt, ódýran fisk, ódýr egg og ódýran feld o.s.frv. Siðferði og velferð dýranna er aukaatriði og kostnaður við framleiðsluna það eina sem skiptir máli.

2. Engin vísindaleg rök eru fyrir því mikla magni sem er tekið úr merunum

Í grein sem Rósa Líf Darradóttir læknir skrifaði í Vísi og heitir *Blóðmerahald - Hvað segja vísindin*, sjá hér: <https://www.visir.is/g/20212196811d>, kemur fram að, óháð því sem okkur finnst um meðhöndlun og meðferð dýranna og nýtingu afurða, þá sé ljóst að vísindalega séð sé blóðtaka úr fylfullum hryssum dýraníð. Allt of mikið blóð sé tekið úr merum og of oft.

Barla Barandun og Ewald Isenbügel birtu 9. janúar sl. harðorða grein í Kjarnanum um blóðmerahald á Íslandi, sjá hér: <https://kjarninn.is/skodun/opid-bref-um-blodmerahald/>. En Barla Barandun er dýralæknir, hestaræktandi og formaður hestaræktunardeildar íslenska hestsins í Sviss. Prófessor Dr. Ewald Isenbügel er prófessor emeritus við dýralæknadeild háskólans í Zürich og var yfirdýralæknir við dýragarðinn Zoo Zürich. Hann er einnig fyrsti forseti FEIF – International Federation of Icelandic Horse Associations. Í greininni kemur fram eftirfarandi:

“Ef við tökum sem dæmi mjög myndarlega hryssu í góðu standi (ekki feita) sem vegur 400 kíló og er með óvenju hátt blóðhlutfall, 8%, þá væri blóðmagn hennar í mesta lagi 32 lítrar. Um er að ræða algera undantekningu og hámarksgildi en þetta dæmi kemst þó ekki nálægt því meðaltali sem gengið er út frá við blóðmerahald á Íslandi, sem eru 35 – 37 lítrar! Ef teknir eru 5 lítrar blóðs úr þessari hryssu þá er það meira en 15% af blóðmagni hennar og rúmlega tvöfalt magn miðað við viðurkennda, alþjóðlega staðla um hámark þess blóðmagns sem má taka, ekki vikulega, eins og gert er á Íslandi, heldur með eins til tveggja mánaða hléum milli skipta!”

3. Blóðmeraiðnaðurinn er ekki í samræmi við lög um dýravelferð

Markmið laga um dýravelferð <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013055.html> er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma. Það verður að teljast nokkuð skýrt, m.a. út frá frásögnum og myndbandi sem dýraverndarsamtök gerðu um blóðmerar á Íslandi, að blóðtakan úr fylfullum hryssum er ekki í samræmi við lög um velferð dýra. Til viðbótar við blóðtökuna, sem er allt annað en róleg og fagleg þar sem sturluð dýrin berjast um, er ástæða til að ætla að það mikla magn af blóði sem er tekið hafi mjög neikvæð áhrif á líðan dýranna sbr. umfjöllun í þeim tveimur greinum sem vísað er í hér fyrir ofan.

4. Ísteka hefur ekki sýnt fram á vísindalegan grunn fyrir verklaginu við blóðtökuna

Það að Ísteka hafi ekki geta sýnt niðurstöður úr einni rannsókn sem var gerð 1982 sem fyrirtækið segir að réttlæti það mikla magn sem er tekið hlýtur að draga í efa trúverðugleikann á öllu málinu. Miðað við þær greinar sem vísað er í hér fyrir ofan verður það að teljast mjög ófaglegt að gera ekki grein fyrir þeim faglegu forsendum sem starfið hvílir á og dregnar hafa verið í efa.

5. Ímynd íslenska hestsins og Íslands ber skaða af blóðmerahaldinu

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir þingmenn sem fara með almannafé að greiða úr almannasjóðum háar upphæðir til að kynna Ísland og íslenska hestinn og leyfa síðan blóðmerahald. Ímynd Íslands og íslenska hestsins hefur nú þegar orðið fyrir miklum skaða af þeim hörmungum sem sjá má í mynd sem sýnd var í sjónvarpinu fyrir nokkru og gerð af Animal Welfare Foundation og Tierschutzbund Zürich.

Umfjöllun um blóðmerahald á Íslandi hefur farið víða og sjá má að ímyndin af fallegu einstöku hestakyni í fallegu landi er í hrópandi andstöðu við veruleikann sem blóðmeraiðnaðurinn hefur skapað. Sjá t.d. hér:

- <https://www.youtube.com/watch?v=-IJZ57I3HH4>.
- <https://www.ndtv.com/world-news/icelands-blood-mares-video-emerges-probe-ordered-2621083>
- <https://ko-fi.com/post/Icelandic-Horses-The-cruel-mistreatment-of-the-bl-Q5Q77XE8G>
- <https://www.straitstimes.com/world/europe/iceland-launches-enquiry-after-blood-mares-video-emerges>
- <https://www.barrons.com/news/iceland-enquiry-after-blood-mares-video-emerges-01637610006>
- <https://www.youtube.com/watch?v=9YYVzO4le-s>
- <https://www.theanimalreader.com/2021/11/23/pregnant-horses-abused-for-their-blood-in-iceland/>
- <https://newsfounded.com/belgium/merrie-boerderij-gebruikt-voor-farmaceutisch-bedrijf/>
- <https://www.dierenrecht.nl/bloedpaarden>
 - Hér var m.a. ýtt úr vör undirskriftalista sem 22.561 Hollendingur skrifaði undir og var sent til Evrópuþingsins um að setja bann á alla framleiðslu og innflutning vara

með PMSG. Þessi undirskriftasöfnun var sett af stað eftir að myndbandið um blóðmerahald á Íslandi var sýnt.

- <https://www.nsiip.nl/nieuws/bloedboerderijen-in-ijsland>
- <https://www.animalstoday.nl/drachtige-paarden-ijsland-mishandeld-bloed/>
- <https://www.eurogroupforanimals.org/news/iceland-animal-welfare-violations-blood-farms>
- <https://www.openpetition.eu/petition/online/on-behalf-of-animal-welfare-foundation-on-blood-farms-and-pregnant-mares-serum-gonadotropin-pmsg>
 - Hér er slóð á undirskriftalista á síðu EU frá 2019 þar sem hvatt er til banns við innflutningu á PMSG frá Suður Ameríku. Þar kemur m.a. fram að yfir 2 milljónir íbúa Evrópusambandsins hafi skrifað undir undirskriftalista þar um.

6. Ísland er eitt örfárra landa sem leyfir blóðmerahald sem er víðast hvar skilgreint sem dýranið

Meðal þeirra örfáu landa þar sem blóðmerahald er stundað eru Argentína, Úrúgvæ, Rússland og Kína. Í þessum löndum er velferð dýra varla á dagskrá. Ísland er í þessum flokki í dag sem sést best á því að á síðum þeirra samtaka sem berjast fyrir banni á blóðmerahaldi eru nú sjáanleg hryllileg myndbönd af því hvernig staðið er að blóðmerahaldi. Myndbandið frá Íslandi er þar á meðal.

Eftir að sýnd voru myndbönd um hryllilega meðhöndlun blóðmera í Úrúgvæ og Argentínu árið 2015 slitu fjölmörg fyrirtæki öll tengsl við blóðmeramarkaðinn í Suður-Ameríku þ.m.t. lyfjarisinn Merck, Sharp and Dohme (MSD). Eftir það hófu fyrirtæki að kaupa af íslenskum blóðmerabændum.

Nú beinist öll athyglin að íslenskum blóðmeraiðnaði sem fær allt annað en góða umfjöllun. Það verður því meiriháttar landkynning þegar þingið tekur ákvörðun um að leyfa áfram eða banna blóðmerahald.

7. Evrópuþingið mun grípa til aðgerða varðandi framleiðslu og innflutning á vörum framleiddum með PMSG

Nokkuð ljóst er talið að strangari reglur verði settar innan Evrópusambandsins (ES) varðandi innflutning á kjöti og afurðum unnum með PMSG. Mikil umræða hefur verið um málið innan ES og mikill þrýstingur verið á að það setji skýrar og strangari reglur. Þingmenn á Evrópuþinginu hafa tjáð sig mjög skýrt og umræðan er á einn veg þ.e. að stöðva framleiðslu PMSG og þ.a.l. blóðmerahald, sjá t.d. hér:

- <https://www.partyfortheanimals.com/en/eu-parliament-opposes-livestock-medicine-of-horse-blood>
- https://www.europarl.europa.eu/doceo/document/E-9-2019-004569-ASW_EN.html

8. Valmöguleiki er til

Hvað sem fólki finnst um þauleldisiðnaðinn þá eru til aðrar leiðir til að örva frjósemi t.d. í gyltum en að sprauta í þær PMSG hormóninu. Bara í Þýskalandi eru fáanlegar 36 vörur sem hafa sömu áhrif og PMSG. Sjá umfjöllun um það hér:

- https://www.animal-welfare-foundation.org/files/downloads/Download_Presseberichte/20220111_Statement_by_AWF_TSB_providing_facts_about_PMSG_production_in_Iceland.pdf

Ég styð heilshugar bann við blóðtöku fylfullra hryssa, svokallaðra blóðmera, á Íslandi.

16. janúar 2022

Virðingarfyllt,

Eyþór Eðvarðsson

Áhugamaður um dýravelferð